



Frá Foreldraverðlaunum Heimilis og skóla 2010.

2010 (C) MOTIV, Jún 5.

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla afhent í Þjóðmenningarhúsinu

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra árið 2011 verða afhent við hátíðlega athöfn kl. 15:00 í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu þriðjudaginn 24. maí næstkomandi. Fjölmargar tilnefningar bárust þetta árið, eða 45 tilnefningar fyrir 42 verkefni, og verður því spennandi að sjá hver hlýtur hnossið. Auk aðalverðlaunanna verða veitt ein hvatningarverðlaun og dugnaðarforkaverðlaun. Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, mun afhenda verðlaunin. Að athöfn lokinni verður gestum boðið upp á veitingar. Með Foreldraverðlaunum Heimilis og skóla er vakin athygli á þeim fjölmörgu verkefnum sem efla starf í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins og styrkja jákvætt samstarf heimila, skóla og nærsamfélagsins. Verðlaunin eru nú afhent í sextánda sinn.

Aðalfundur Heimilis og skóla haldinn 24. maí

Aðalfundur Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra verður haldinn þriðjudaginn, 24. maí næstkomandi kl.18:00. Fundurinn verður að Suðurlandsbraut 24, í fundarsal á þriðju hæð (á skrifstofu Barnaheilla). Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf og eru félagsmenn hvattir til að mæta. Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru félagar í samtökunum þegar kosning fer fram en fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar sem þess óska og greiða félagsgjald. Rétt til setu og atkvæðis á aðalfundi samtakanna eiga allir aðilar sem hafa staðið skil á félagsgjaldi yfirstandandi fjárhagsárs skv. 3. gr. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu, nema um breytingar á lögum, sbr. 9. gr. laga Heimilis og skóla.



Útgáfa nýrrar aðalnámskrár fyrir öll skólastig

Mennta- og menningarmálaráðherra staðfesti 16. maí sl. nýjar aðalnámskrár fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Í þeim birtist ný menntastefna. Meginmarkmið nýrrar menntastefnu eru að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkja getu einstaklinga til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Kjarninn er settur saman úr sex grunnþáttum: læsi, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Námskrárnar eru aðgengilegar á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins en fyrirhugað er að gefa þær út á prenti í haust. Námskrárnar taka gildi frá og með næsta skólaári og verða innleiddar á þremur árum. Aldrei áður hefur fyrsti kafli í námskrá skólastiganna verið sameiginlegur en þar er fjallað um hlutverk námskrár, grunnþættina, fagmennsku kennara og mat á skólastarfi.



Tímarit - nýtt eintak!

Tímarit Heimilis og skóla kemur út núna í maí 2011 og kennir þar ýmissa grasa. Í tímaritinu er að finna greinar og viðtöl er varða skólastarf, uppeldi og forvarnir. Greinarhöfundar og viðmælendur eru með fjölbreyttan bakgrunn og ætti tímaritið að nýtast vel foreldrum og öðrum er láta sig málefni barna og ungmenna varða. Tímaritið verður sent til allra skóla og félagsmanna á næstunni. Þrátt fyrir þetta voreintak verður einnig gefið út tímarit í haust og er nú þegar hægt að kaupa auglýsingar með því að hafa samband við skrifstofu.